



Reykjavík 23. desember 2008

Úthlutun úr forvarna- og framfarasjóði Reykjavíkurborgar

Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarstjóri úthlutaði í dag styrkjum úr forvarna- og framfarasjóði Reykjavíkurborgar til 12 verkefna og nemur heildarupphæðin um 25.550.000. Alls bárust 88 umsóknir. Verkefnin sem styrkt eru að þessu sinni eru fjölbreytt og má þar nefna klúbbastarfsemi fyrir heyrnarskert börn, opið hús fyrir íbúa í Grafarholti sem hafa nýlega misst vinnuna, myndlistarverkið Guttorm og gauraflokk í Vatnaskógi svo nokkur séu nefnd.

Tillaga um forvarna- og framfarasjóð Reykjavíkurborgar var samþykkt í borgarráði þann 29. nóvember 2007. Markmið með stofnun sjóðsins er að stuðla að árangri í forvarnastarfi, eflingu félagsauðs, auknu öryggi íbúa og bættri umgengni í borginni. Ennfremur er það hlutverk sjóðsins að gefa einstaklingum, félagasamtökum og fyrirtækjum tækifæri til frumkvæðis og nýsköpunar á sviði forvarna og framfara.

„Mörg verkefnanna sem sjóðurinn styrkir ýta undir samtakamátt og samkennd meðal íbúa og það er mér sönn ánægja að veita slíkum verkefnum brautargengi” segir Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarstjóri. Þess má geta að í frumvarpi að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir næsta ár er gert ráð fyrir 50 milljóna króna framlagi til forvarna- og framfarasjóðsins.

► Þær umsóknir sem hljóta styrk úr sjóðnum eru eftirtaldar:

Frístundamiðstöðin Kampur vegna verkefnisins „Klúbbur fyrir unglunga sem eru heyrnaskertir eða heyrnalausir“. (Helga Ingadóttir, deildarstjóri unglungastarfs tekur við styrknum)

Markmið verkefnisins er að rjúfa félagslega einangrun og kynna frístundastarf í hverfinu fyrir heyrnaskertum og heyrnalausum unglungum.

► Grafarholtssókn vegna verkefnisins „Gáttin – opið hús í Grafarholti fyrir íbúa sem hafa nýlega misst atvinnu.“ (Sr. Sigríður Guðmarsdóttir tekur við styrknum)

Verkefnið miðar að því að efla íbúa hverfisins og sérstaklega að rjúfa einangrun fólks sem hefur orðið fyrir skakkaföllum vegna fjárhagserfiðleika og vaxandi atvinnuleysis.

► Árbæjarkirkja vegna verkefnisins „Aðstaða fyrir tómstundastarf í Norðlingaholti.“ (Sr. Þór Hauksson tekur við styrknum)

Eins og nafnið gefur til kynna felst verkefnið í því að koma upp aðstöðu fyrir tómstundastarf í Norðlingaholti. Um er að ræða samvinnuverkefni Árbæjarkirkju við Norðlingaskóla og ÍTR.

► Foreldrafélag Sæmundarskóla vegna verkefnisins „Bætt aðstaða og betri nýting í útikennslustofu Sæmundarskóla.“ (Þórunn María Óðinsdóttir tekur við styrknum)

Verkefnið felst í því að bæta aðstöðu í útikennslustofu Sæmundarskóla, Sæmundarseli. Sett verða upp tæki og bætt við aukahlutum í stofuna til að bæta aðstöðu til kennslu.

► Laugarneskirkja vegna verkefnisins „Adrenalín gegn rasisma.“ (Margrét Rós Harðardóttir, æskulýðsfulltrúi tekur við styrknum)

Verkefnið felst í því að nemendur í 9. og 10. bekk í Laugalækjaskóla og Austurbæjarskóla munu koma saman í skemmtilegum verkefnum í því skyni að ungmenni af erlendum uppruna blandist betur inn í hóp ungmenna af íslenskum uppruna.

► Skógarmenn KFUM vegna verkefnisins „Gauraflokkur í Vatnaskógi.“ (Ársæll Aðalbergsson, framkvæmdastjóri Vatnaskóga tekur við styrknum)

Verkefnið felst í sumarbúðadvöl fyrir drengi með ofvirkni eða skyldar hegðunarraskanir. Boðið verður upp á dagskrá sem tekur mið af styrkleika hvers og eins.

► Íbúasamtök Laugardals vegna verkefnisins „Guttormur – útilistaverk í Laugardal.“ (Kristín Þorleifsdóttir frá íbúasamtökunum tekur við styrknum).

Verkefnið felst í því að Íbúasamtök Laugardals og unglingar í hverfinu skapa samfélagsskúlptúrinn Guttorm undir leiðsögn myndlistarmanns.

► Íbúasamtök Grafarholts og Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts vegna verkefnisins „Útivist og hreyfing.“ (Guðmundur H. Arngrímsson frá íbúasamtökum tekur við styrknum)

Með verkefnum verða íbúar hverfisins virkjaðir til að byggja upp aðstöðu til aukinnar hreyfingar, upplifunar og útiveru í hverfinu.

► Rannsóknir og greining vegna verkefnisins „Ungt fólk utan skóla í Reykjavík.“ (Jón Sifússon tekur við styrknum)

Verkefnið felst í ítarlegri rannsókn meðal ungs fólks á aldrinum 16 til 20 ára sem eru utan skóla. Ætlunin er að varpa ljósi á hagi og líðan þeirra.

► Leiknir í samstarfi við ÍTR fyrir verkefnið „Íþróttir barna og unglinga í Breiðholti.“ (Arnar Einarsson frá Leikni tekur við styrknum)

Verkefnið beinist að því að rjúfa félagslega einangrun og auka virkni barna af erlendum uppruna í íþróttastarfi.

► Þróunarfélag Vesturbæjar – KR fyrir verkefnið „Heilsuefling ungmenna í Vesturbæ Reykjavíkur.“ (Pétur Marteinnsson tekur við styrknum)

Verkefnið felst í gerð heildstæðrar heilsueflingar- og forvarnastefnu fyrir ungmenni í Vesturbæ þar sem sameinaðir verða kraftar þeirra sem vinna með börn í hverfinu.

► Að lokum er Charlotte Ólöf Jónsdóttir Ferrier (ath. fjarverandi) veittur styrkur vegna verkefnisins – Vaktarinnar.

Vaktin er vösk sveit fólks á öllum aldri sem munu vinna að því að fegra nánasta umhverfi sitt, einkum hreinsa og mála yfir veggjakrot í miðborginni.